



FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 5. júní 2019, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Baldur Magnússon, Valtýr Sigurðsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir og Kolbrún Á. Guðnadóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Vera Ósk Valgarðsdóttir, skólastjóri, Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri, Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir, Sara Diljá Hjálmarsdóttir og Ástrós Elísdóttir fulltrúi foreldra.

Fulltrúar leikskóla: Lilja Ingólfisdóttir leikskólastóri, Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Ástrós Villa Vilhelmsdóttir fulltrúi foreldra.

Aðrir: Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri og Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri.

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál:

a. Samantekt úr ársreikningi 2018

Sveitarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum úr ársreikningi vegna fræðslumála og fór yfir helstu niðurstöður sem þar koma fram. Málið var til kynningar.

2. Grunnskólinn

a. Skýrsla skólastjóra

Skólastjóri flutti skýrslu um skólastarfið og hvernig væri búið að stilla upp fyrir skólastarf komandi skólaárs. Þar kom m.a. fram starfsmannabreytingar fyrir næsta ár. Núverandi skólastjórnendur eru að fara og við stjórn taka Sara Diljá Hjálmarsdóttir skólastjóri og Guðrún Elsa Helgadóttir aðstoðarskólastjóri. Verið er að ganga frá ráðningu nýrra kennara og líkur á að búið sé að manna næsta skólaár. Nemendur verða líklegast um 80 talsins næsta vetur. Kennslufyrirkomulag kemur til með að vera með svipuðu sniði og síðustu ár, mikið um teymiskennslu og



SKÓLAGÆDSLUNEFND SKAGASTRANDAR

samvinnu milli árganga sem hefur gefist vel. Gera þarf við ýmsa hluti í skólahúsnæði og er það allt komið í ferli. Þær breytingar síðasta haust að hafa sund allt árið hefur reynst vel og eins að skóli byrji klukkan 8:20. Kennarar, nemendur, foreldrar og aðrir starfsmenn skólans virðast almennt mjög ánægðir með þessar breytingar. Að lokum þakkaði skólastjóri fyrir gott samstarf síðustu ár. Skýrslan var til kynningar.

b. Skóladagtal

Skólastjóri kynnti skóladagatal sem hafði verið sent með fundarboði. Í skóladagatali kemur fram að skóladagar eru áætlaðir 175, að skólasetning er 26. ágúst, skólaslit í vor verði 29. maí og vetrarfri verði í nóvember og mars. Skóladagatalið var samþykkt.

c. Skýrsla skólapúls.

Farið var yfir helstu atriði niðurstaðna úr skólapúls könnun sem lögð var fyrir nemendur, foreldra og kennara í vetur. Niðurstöður skólapúls er svo birtar á heimasíðu Höfðaskóla. Skýrslan var til kynningar

d. Fundargerð skólaráðs 24. maí 2019

Fundargerðin var til kynningar.

3. Leikskóli

a. Skýrsla leikskólustjóra

Leikskólustjóri flutti skýrslu um skólastarfið og fór yfir tölulegar upplýsingar, starfsmannahald, samstarf heimila og skóla, ytri umbúnað og fagstarf. Skýrslan var til kynningar.

b. Skóladagatal

Leikskólustjóri kynnti skóladagatalið sem hafði verið sent út fyrir fundinn. Í skóladagatalinu kemur fram að skólastarf hefst eftir sumarfrí 6. ágúst og að síðasti kennsludagur fyrir sumarleyfi verður 3. júlí 2020. Starfsdagar eru 6 á árinu samkvæmt kjarasamningum og hafa þeir verið



FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

settir 4. október þegar Haustfundur Hjalla er, og svo á milli jóla og nýjárs og í Dymbilviku. Miklar umræður voru um starfsdaga og tímasetningu þeirra og skiptar skoðanir um ágæti þess að starfsdagar séu settir allir saman á frídögum grunnskóla. Skóladagatalið var samþykkt.

c. Innra mat

Leikskólastjóri kynnti innra mat á leikskólastarfinu. Könnunin var lögð fyrir í nóvember – desember 2018. Svör bárust frá 30 foreldrum. Í könnuninni kom fram helstu atriði sem varða ánægju og þörf á úrbótum. Innra matið var til kynningar.

d. Símenntunaráætlun

Leikskólastjóri fór yfir símenntunaráætlun starfsmanna sem hafði verið send út fyrir fundinn. Símenntunaráætlunin var til kynningar.

e. Fundargerð foreldraráðs 3. júní 2019

Fundargerðin var til kynningar

4. Önnur mál

Upp komu spurningar um Heilsueflandi samfélag og aðkomu skólans í þeim áætlununum. Fram kom að nýskipaðir skólastjórnendur hafi hug á að beita sér fyrir Heilsueflandi skólastarfi næsta vetur

Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri kom inn á læsisstefnu sem innleidd var í grunnskóla Austur Húnavatnssýslu í haust. Læsisstefnan er samstarfsverkefni Austur og Vestur Húnavatnssýslu og Strandabyggðar.

Samþykkt var að koma á kynningarfundum í október.



RAÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30

Péturinn L. Jakobsd.
Péturinn L. Jakobsdóttir

Valtýr Sigurðsson
Valtýr Sigurðsson

Pórunn Valdís Rúnarsd.
Pórunn Valdís Rúnarsdóttir

Vera Ósk
Vera Ósk Valgarðsdóttir

Agnes Sævarsdóttir

Ástrós Elísdóttir

Lilja Ingólfsd.
Lilja Ingólfsdóttir

Börðis Hauksd.
Börðis Hauksdóttir

Baldur Magnússon
Baldur Magnússon

Inga Rós Sævarsd.
Inga Rós Sævarsdóttir

Kolbrún A. Guðnad.
Kolbrún Á. Guðnadóttir

Guðjón Sigurðsson

Sara Diljá Hjalmarssd.
Sara Diljá Hjálmarssdóttir

Sesselja Guðmundsd.
Sesselja Guðmundsdóttir

Ástrós Villa Vilhelmsd.
Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

ALEXANDRA JÓHANNESD.
Alexandra Jóhannessdóttir